

Nýr Matskáli í Vatnaskógi

Hugmyndir um framkvæmdir og fjármögnun

Efnisyfirlit

Vatnaskógur - nokkrar upplýsingar.....	bls. 3
Uppbygging Vatnaskógar.....	bls. 3
Matskáli Vatnaskógar þörf á endurnýjun.....	bls. 4
Matskáli Vatnaskógar nýtt hús.....	bls. 5
Nýr Matskáli – kostnaðaráætlun.....	bls. 6
Nýr Matskáli – fjáröflun.....	bls. 6
Lokaorð.....	bls. 7

Vatnaskógur - nokkrar upplýsingar

Vatnaskógur er æskulýðsmiðstöð KFUM og KFUK. Vatnaskógur hefur verið starfræktur síðan 1923 en þá kom fyrsti hópurinn fótgangandi frá Reykjavík. Síðan þá hefur mikil uppbygging átt sér stað og má þar nefna:

- Gamli skáli (svefnskáli, samveruaðstaða), reistur á árunum 1939 - 1943.
- Skógrækt hófst árið 1949.
- Kapellan í Vatnaskógi var vígð árið 1949.
- Íþróttasvæði var tekið í notkun árið 1954 og endurgert árið 1990.
- Bátaskýli var tekið í notkun árið 1962 endurgert 2015 - 2017
- Matskálinn, tekinn í notkun árið 1968.
- Íþróttahús staðarins, byggt á árunum 1974 - 1993.
- Lerkiskáli (starfsmannahús) byggður árið 1982.
- Fermingarnámskeið hófust 1992.
- Birkiskáli (svefnskáli fyrir dvalargesti) var byggður á árunum 1995 - 2000.
- Birkiskáli II (svefn- og þjónustuskáli) framkvæmdatími: 2007 - 2018



Æskulýðsmiðstöðin Vatnaskógur

Uppbygging Vatnaskógar

Gamli skáli sem áður var aðal gistihús staðarins, var tekinn í notkun árið 1943 og mun því fá nýtt hlutverk í framtíðinni. Eftirlitsaðilar höfðu gert athugasemdir við ástand þess húss og með það að leiðarljósi var ráðist í byggingu á nýjum skála - Birkiskála II.

Vorið 2018 var Birkiskáli II vígður og er mikið fagnaðarefni að allir dvalargestir geti gist á staðnum í húsnaði sem uppfyllir öryggi- og nútíma þægindi og er því langþráðu takmarki náð.

Matskáli Vatnaskógar þörf á endurnýjun

Í mörg ár hafa Skógarmenn KFUM skoðað þann möguleika að endurnýja Matskálann í Vatnaskógi. Í upphafi árs 2019 var leitað til Guðmundar Gunnlaugssonar arkitekts til að skoða þessi mál. Hér eru nokkrir punktar úr hans vinnu:




Matskáli Vatnaskógar tekinn í notkun 1968

„Matskálinn var tekin í notkun árið 1968 og er því 51 ára gamalt hús úr timbri og þörf á stækkun. Þetta hús var byggt fyrir sumardvalarstarfsemi en er nú nýtt 10 mánuði á ári og er vissulega barn síns tíma, margt af vanefnum en hugsjónum gert og ekki í takt við nútíma kröfur til einangrunar, hitakerfis eða hljóðeinangrunar. Í matsal vantar sæti fyrir a.m.k. 20 manns. Öll framleiðsla matar og aðferðir við framreiðslu eru eins og verið hefur um áratuga skeið og mikilsvert að hugsa dæmið alveg upp á nýtt, fyrst farið er í breytingar. Einnig meta hvort það yfirhöfuð borgi sig að gera við og byggja við húsið, hvort fremur eigi að byggja á nýjum stað og breyta þá þessu húsi í íbúðir starfsfólks eða leikskála að hluta til.

Þá er eldhús röngu megin að mínu mati, vörumóttaka er nú upp tröppur frá götu, geymslur allt of litlar og hæðarmismunur er einnig mikill ókostur við aðalinngang, þar eru 3 tröppur upp og svarar því ekki kröfu um jafnt aðgengi fatlaðra. Þá vantar fleiri snyrtingar til að uppfylla reglugerð miðað við 120 matargesti. Inngönguhurð er ónýtt/ óþétt og húsið er ekki múshelt, mikill gólfkuldi. Augljóst er og að það þarf að einangra húsið og klæða að utan með timbri, setja vatnsbretti undir klæðningu og hafa klæðningu í sama lit og nýbyggingar. Gluggar virðast fúnir á vissum stöðum, þak sagt heillegt, en form þess er þannig að ekki er auðvelt að byggja við húsið, hvorki að framan né aftan.“


Matskáli Vatnaskógar – nýtt hús

Niðurstaða Guðmundar arkitekts að heppilegast sé að fara þá leið að byggja nýtt hús:



„Hér er skoðaður möguleiki að byggja nýtt hús fyrir eldhús og matskál á fallegasta svæðinu, með stórbrotnu útsýni niður yfir vatnið. Það er í raun miður að Matskálinn, sem er ætíð hjarta hvarrar starfsemi, skuli ekki njóta þess vegna mikils trjágróðurs sem byrgir sýn. Vissulega er þessi starfsemi ekki tengd Birkiskála en hluti dvalar hlýtur að vera útvera og hressandi göngutenging milli bygginga. Þetta hús gæti verið glæsileg viðbót, langtímaverkefni, því ekki er æskilegt að byggja nýtt á hinum gamla grunni, enda ekki hægt að leggja af eldhús eða matsalarstarfsemi meðan nýtt er byggt.“

„Hér er skoðaður möguleiki að byggja nýtt hús fyrir eldhús og matskál á fallegasta svæðinu, með stórbrotnu útsýni niður yfir vatnið.“



Nýr Matskáli Vatnaskógar - kostnaðaráætlun

Skógarmenn KFUM fengu Svein Valdimarsson byggingaverkfræðing til að gera kostnaðaráætlun vegna á byggingu á nýjum Matskála. Niðurstaða hans er eftirfarandi:

Nýr Matskáli – byggingarkostnaður

Undirbúningur og fl.....	9.630.000.-
Jarðvinna, burðarvirki lagnir...	64.780.000.-
Frágangur innan og utan.....	53.272.000.-
Frágangur lóðar.....	4.425.000.-
Ófyrirséð 15 %.....	19.816.050.-
Alls.....	151.923.000.-

Stærð húss (samkv. meðf. hugm.) 393²

Verð per m².....386.573.-

Þess má geta að Sveinn skoðaði líka þann möguleika að endurnýja núverandi Matskála samkvæmt hugmyndum Guðmundar. Væri farin sú leið farin yrði hún um 16 millj. kr. ódýrari en talsvert fleiri óvissuþættir.

Nýr Matskáli Vatnaskógar – hugmynd um fjáröflun

Nýr Matskáli - fjáröflun:

Styrkir opinberir aðilar.....	65.000.000.
Styrkir samstarfsaðilar.....	50.000.000.
*Fjáröflun	15.000.000.-
**Bakland.....	12.000.000.-
***Vinir Vatnaskógar.....	10.000.000.-
Aðrar gjafir.....	8.000.000.-
Samtals.....	152.000.000.-

*Fjáröflun: Kaffisala, styrktartónleikar, línuhappdrætti, herrakvöld ofl.

**Bakland Vatnaskógar: Gamlir Vatnaskógardrengir sem hafa leitað til nokkurra fyrirtækja um árlegan stuðning við verkefnið.

*** Vinir Vatnaskógar: Einstaklingar styðja með árlegum eða einstökum framlögum, stórum og smáum.

Sjálfboðavinna Auk framlaga af ýmsu tagi þá hafa sjálfboðaliðar verið mjög mikilvægur liður í starfsemi Skógarmanna og hafa menn verið tilbúnir að gefa vinnu sína fyrir Vatnaskóg. Þar er um að ræða einstaklinga og einnig verktaka sem gefið hafa vinnu og afnot af tækjum í þágu starfsins.

Lokaorð

Hér eru aðeins um frumhugmyndir að ræða en líklegt er að valin verður leið sem er lík þeirri sem hér er lýst, nánari útfærslur og skipulag mun eflaust breytast eitthvað.

Vatnaskógur hefur miklu hlutverki að gegna fyrir æsku landsins og verður gildi þess forvarnarstarfs sem þar er unnið seint metið til fulls. Mikil starfsemi fer fram í Vatnaskógi allt árið um kring. Síaukin eftirspurn frá skóla- og fermingarhópum hafa gert vetrarnotkun að mikilvægum þætti í starfsemi Vatnaskógar. Fjár er þörf.



Ársæll Aðalbergsson framkvæmdastjóri Vatnaskógar